

Fundargerð

Fundarefni:	3. Stjórnarfundur foreldrafélags Álfhólsskóla
Dags.:	20. ágúst 2014
Fundarmenn:	Guðni Björnsson, Hólfríður Einarsdóttir, Íris Lena Leósdóttir, Karl Einarsson, Kristín Stefánsdóttir, Ólafur Guðlaugsson, Sigurður Grétarsson
Fjarverandi:	Erlingur Snær Erlingsson, Kristín J Rögnvaldsdóttir, Stanislaw Bukowski
Ritað af:	Íris Lena Leósdóttir

1. Fundur settur.

- Guðni setti fundinn kl. 19.30

2. Pökkun skóladóts fyrir 1. bekkinga

- Karl fékk tilboð í skóladót fyrir 1. bekkinga frá A4 og Griffli, tilboð Griffils var um 800 krónum lægra og var því tekið. Fundarmenn pökkðu skóladóti í 53 poka, en það vantaði nokkrar plasmöppur sem Karl bjargar á morgun. Pakkinn verður seldur á 6.500 kr.
- Fundarmenn skiptu með sér viðveru í sölu á föstudaginn og kynningum á foreldrafélaginu við skólasetningu.

3. Fjárhagsáætlun vetrarins

- Betur verður farið yfir fjárhagsáætlun vetrarins á næsta fundi.

4. Bæklingur FFÁ um foreldrastarf í Álfhólsskóla

- Samþykkt að láta prenta 500 eintök af bæklingi foreldrafélagsins á gæðapappír og dreifa honum til foreldra við skólasetningu. Kostnaður 33þúsund kr. Einnig þarf að athuga með að gera bæklinginn auðlesanlegri á rafrænu formi, t.d. html sniðmáti á heimasíðu skólans.

5. Kosning bekkjarfulltrúa 2014 - 2015

- Á fulltrúaráðsfundi þurfa að liggja fyrir upplýsingar um bekkjarfulltrúa allra bekkja. Eyðublaði verður dreift við skólasetningu til allra bekkja sem fylla þarf út samdægurs og skila til ritara skólans.

6. Foreldrarölt

- Foreldraröltið þarf að kynna við skólasetningu foreldrum 5. – 10. bekkjar.
- Eftir er að ákveða röltfulltrúa sem heldur utan um röltáætlun vetrarins og sendir áminningu til viðkomandi bekkjar þegar að þeim kemur.
- Núverandi fyrirkomulag við skráningu röltis og geymslu á möppu er úrelt. Þarf að ræðast á fulltrúaráðsfundinum.

7. Nefndir og verkefni

- Mikilvægt er fyrir félagið að nýta sér samfélagsmiðla til að ná betur til foreldra, efla tengsl og auðvelda upplýsingagjöf og endurgjöf. Rætt um að fá ráðgjöf og fræðslu frá sérfræðingi til að koma okkur betur inn í hlutina.

8. Önnur mál

- Rætt um samstarfsáætlun foreldra og skóla næstu þrjú árin sem Sigrún skólastjóri sendi formanni, n.k. handbók og uppeldisáætlun fyrir foreldra og FFÁ með nánari lýsingu og markmiðum. Guðni sendir öðrum stjórnarmönnum afrit til lestrar.
- Rætt var um vefsíðu Álfhólsskóla, m.a. að foreldrasíðan sé ekki nógu framarlega og að mikið af efni sem á að vera þar er tapað. Einnig mætti setja þar inn myndir af starfsfólki skólans til að efla tengsl heimila og skóla.
- Drög að dagskrá fulltrúaráðsfundar 9. september voru rædd.
- Haustlitaferð 10. bekkjar á síðasta ári tókst mjög vel, farið var í Þórsmörk og gist í tvær nætur. Á að endurtaka leikinn í ár? Þarf að hugsast fyrir næsta fund.
- Hver er staðan með Samkóp? Hver var valinn fulltrúi Álfhólsskóla á síðasta aðalfundi?
- Hólmfríður óskaði eftir því að staðan á dægradvölinni yrði tekin með skólastjórnendum og eins hvort íþróttafélögin í bænum verði með rútu í vetur til að keyra iðkendum til og frá æfingum.
- Næsti fundur boðaður þriðjudaginn 26. ágúst kl. 19.30.

9. Fundi slitið

- Guðni sleit fundi kl. 21.30